# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2024

## TEIK2HH05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Bjarki Ásgeirsson – bjarki.asgeirsson@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Mánudagar 13:00 – 13:40 | |
| **Námsefni** | Fagteikning í húsamíði (verkefnasafn)<br>Byggingarreglugerð (sótt á netið)<br>Efni frá kennara<br>Teikniblýantar/fallblýantar 0,30 eða 0,35 og 0,5 (0,35 4H og 0,5 2H), teiknipappír A2 (10 arkir), teiknihorn; 30° / 60° og 45°, hringfari, strokleður, rúðustrikuð blöð, reglustika ca. 30 sm., límband, línuveiðari, vasareiknir. | |
| **Áfangalýsing** | Nemendur fá áframhaldandi þjálfun í lestri og gerð byggingateikninga en nú með áherslu á timburhús og þakvirki. Haldið er áfram umfjöllun um almenna byggingauppdrætti en samhliða koma einnig burðarvirkisuppdrættir þar sem m.a. er komið inn á ýmiss konar álag á byggingar og brunahönnun. Fjallað er um algengustu útfærslur burðarvirkja úr tré, byggingatæknilegar lausnir, hönnunarforsendur, verklýsingar með tilliti til m.a. efniskrafna og einangrunar. Nemendur kynnast mátkerfi fyrir byggingariðnaðinn og fá þjálfun í gerð efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsasmiðum og byggist á verkefnavinnu með leiðsögn kennara. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Áfanginn er án lokaprófs. **Nemandi þarf að ljúka öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun auk þess að ná lágmarki úr könnunum**. Einkunn fyrir verkefnavinnu gildir jafnt á við samanlagðar einkunnir úr tveimur könnunum (kaflapróf).<br>Kennari **áritar** (samþykkir) **verkefni jafnóðum og þeim er lokið** og <u>skal nemandi hafa lokið tilgreindum verkefnum samkv. verkefnayfirliti og fyrir hvora könnun</u>. Einkunn undir 5 úr kaflaprófum er ófullnægjandi og þ.a.l. telst verkefnaeinkunn ógild.<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Teikningar | 50% |
| Kaflapróf | 50% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Áfanginn er án lokaprófs. Nemandi þarf að ljúka öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun auk þess að ná lágmarki úr könnunum. Einkunn fyrir verkefnavinnu gildir jafnt á við samanlagðar einkunnir úr tveimur könnunum (kaflapróf). Kennari áritar (samþykkir) verkefni jafnóðum og þeim er lokið og skal nemandi hafa lokið tilgreindum |

| | |
|---|---|
| | verkefnum samkv. verkefnayfirliti og fyrir hvora könnun. Einkunn undir 5 úr kaflaprófum er ófullnægjandi og þ.a.l. telst verkefnaeinkunn ógild |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund! Teikniáfangar eru að stærstum hluta verklegir vinnuáfangar sem þýðir að nemanda ber að nýta tímann vel til verkefnavinnu. Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara<br>Ekkert lokapróf er í áfanganum en nemandi tekur tvö kaflapróf á önninni. Til að fá að taka kaflaprófin þarf nemandi að hafa lokið þeim verkefnum sem lögð eru fyrir.<br>Verkefni áfangans skulu unnin í tímum, ekki er tekið á móti verkefnum sem unnin hafa verið utan kennslutíma.<br>Ætlast er til að nemandi undirbúi sig utan tíma með því að skoða og reyna að átta sig á því sem teikna á, þ.e. geri uppkast/riss af verkefninu á t.d. rúðustrikað blað.<br>Ef nemandi sinnir ekki þeirri vinnu sem hann á að vinna í tíma og hefur truflandi áhrif á samnemendur sína má hann eiga það á hættu að vera vikið úr tíma. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• uppbyggingu timburhúsa | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• geti teiknað og málsett einfaldar teikningar timburhúsa. |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- teikna í ýmsum mælikvörðum
- lesa og fara eftir teikningum við smíði timburhúsa.

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Undirbúningur f. tíma** | 16 vikur x 4 tímar x 30 mín | 32klst. |
| **Undirbúningur f. Kannanir** | 2 x 6 klst. | 12 klst. |
| **Alls** | | **108 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19. - 23. ágúst | Verkefni nr. 4 í bók mkv. 1:20 | |
| **2. vika**<br>26. - 30. ágúst | *Loka frágangur á verkefnum fyrir skil* | |
| **3. vika**<br>2. - 6. september | Verkefni nr. 5 í bók mkv. 1:50 og 1:1 | |
| **4. vika**<br>9. - 13. september | Verkefni nr.8 í bók / verkefni frá kennara mkv. 1:20 og 1:10 | |
| **5. vika**<br>16. - 20. september | *Loka frágangur á verkefnum fyrir skil* | Skila verkefnum 4, 5, 8 |
| **6. vika**<br>23. - 27. september | Verkefni nr. 10 mkv. 1:10 | |
| **7. vika**<br>30. september - 4. október | *Loka frágangur á verkefnum fyrir skil* | Skila verkefni 10 |
| **8. vika**<br>7. - 11. október<br>*Námsmatsdagur* | Verkefni nr. 11í bók mkv 1:5 | |
| **9. vika**<br>14. - 18. október<br>*Miðannarmat* | *Loka frágangur á verkefnum fyrir skil* | Skila verkefni 11 |
| **10. vika**<br>21. - 24. október<br>*Vetrarleyfi 25. okt.* | Verkefni nr 12 í bók Ísómetría mkv 1:5 | |
| **11. vika**<br>29. október - 1. nóvember<br>*Vetrarleyfi 28 .okt.* | *Loka frágangur á verkefnum fyrir skil* | Skila verkefni 12 |
| **12. vika**<br>4. - 8. nóvember | Verkefni nr. 10 mkv 1:5 hluta af mynd | |
| **13. vika**<br>11. - 15. nóvember | *Loka frágangur á verkefnum fyrir skil* | Skila verkefni 10 mkv1:5 |
| **14. vika**<br>18. - 22. nóvember | Verkefni nr. 14 mkv: 1:50 | |
| **15. vika**<br>25. - 29. nóvember | *Loka frágangur á verkefnum fyrir skil* | |
| **16. vika**<br>2. - 6. desember | Verkefni nr. 9 mkv 1:10 | Próf og lokaskil |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Bjarki Ásgeirsson*